

Þriðjudagur, 7. júní 2005

241. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 18/2005

**Ósk Bandalags háskólamanna um undanþágu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga til að fá að birta verktakastuðul fyrir háskólamenn á heimasíðu bandalagsins**

**I.**

**Erindið og aðdragandi þess**

**1.**

Með bréfi, dags. 16. mars 2005, barst Samkeppnisstofnun beiðni Bandalags háskólamanna (hér eftir nefnt BHM) um undanþágu á grundvelli 16. gr., sbr. 12. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 fyrir birtingu verktakastuðuls fyrir háskólamenn á heimasíðu bandalagsins.

BHM hafði áður, með bréfi dags. 2. september 2004, tilkynnt Samkeppnisstofnun um að bandalagið áformaði að gefa út verktakastuðul fyrir háskólamenn. Í bréfinu var m.a. lýst að þrátt fyrir að meginhlutverk BHM væri réttinda- og hagsmunagæsla fyrir háskólamenntað launafólk hafi BHM (áður BHMR) á árum áður reglulega gefið út töflur um tímakaup fyrir verktakavinnu og launatengt álag og látið í té aðra ráðgjöf í því skyni að einstaklingar með háskólamenntun væru ekki hlunnfarnir í greiðslum fyrir störf sín. Tekið er fram að eftirspurn væri eftir ráðgjöf BHM varðandi málefnið og að það stæði til að uppfæra þessa ráðgjöf. Þá segir að meginmarkmiðið yrði líklega ráðgjöf við háskólamenn sem starfa sjálfstætt, fremur en þá sem sinna aukastörfum sem verktakar samhliða aðalstarfi enda sé þörf hinna síðarnefndu fyrir öruggt réttindaviðmið minni vegna tekna og öryggis af aðalstarfi. Um ráðgjöfina segir svo að henni yrði best sinnt með útgáfu verktakastuðuls, sem yrði opinber, en horfið yrði frá því að gefa út eiginlegar tekjutöflur. Að lokum var farið fram á það að Samkeppnisstofnun gæfi ráð um það hvort og þá hvernig bandalaginu væri heimilt að halda þessu verkefni áfram í ljósi ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 5/2004 *Ólögmatl samráð innan Lögmannafélags Íslands*. Á fundi Samkeppnisstofnunar með formanni BHM, 13. október 2004, gerði stofnunin grein fyrir þeirri skoðun sinni að útgáfa stuðuls af þessum toga kynni að fara gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Þann 5. nóvember 2004 sendi BHM á ný bréf til Samkeppnisstofnunar þar sem farið var fram á skriflegt svar við erindinu frá 2. september 2004 og að rök væru færð fyrir

Því að stofnunin legðist gegn birtingu verktakastuðulsins. Í bréfinu sagði jafnframt að með umræddum verktakastuðli sé ekki ætlunin „að gefa út eiginlegar tekjutöflur heldur myndi stuðullinn verða þannig úr garði gerður að hver sá einstaklingur sem nýtti sér hann myndi sjálfur vera ábyrgur fyrir því að finna út hvaða mánaðarlaun hann vildi.“ Stuðullinn væri því ekki settur upp með viðmiðun við neina hópa, heldur væri hann reikniaðferð til að finna taxa útseldrar vinnu miðað við þau mánaðarlaun sem sérfræðingur teldi eðlileg.

Með bréfi, dags. 6. desember 2004, svaraði Samkeppnisstofnun umræddri fyrirspurn. Í bréfinu er gerð grein fyrir m.a. ákvæðum 10. og 12. gr. samkeppnislaga og því lýst hvernig þessi ákvæði taka til afskipta hagsmunasamtaka af verðlagningu félagsmanna. Jafnframt kom fram það viðhorf stofnunarinnar að hún legðist gegn birtingu ofangreinds stuðuls þar sem hann kynni að fara gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga. BHM sætti sig ekki við þessa afstöðu stofnunarinnar og kærði hina meintu ákvörðun Samkeppnisstofnunar til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þann 7. janúar 2005. Í kærinni kom fram að frekari greinargerð í málinu yrði send síðar. Í framhaldinu barst greinargerð BHM til áfrýjunarnefndarinnar með bréfi, dags. 26. janúar 2005. BHM afturkallaði hins vegar kæruna, þann 4. febrúar 2005, með vísan til greinargerðar Samkeppnisstofnunar til áfrýjunarnefndarinnar, dags. 27. janúar 2005. Í greinargerð Samkeppnisstofnunar taldi stofnunin að vísa bæri kæru BHM frá áfrýjunarnefndinni þar sem ekki hafi falist bindandi stjórnvaldsákvörðun í skilningi 9. gr. samkeppnislaga í bréfi stofnunarinnar frá 6. desember 2004. Samhliða afturköllun BHM óskaði bandalagið eftir frekari viðræðum og leiðbeiningum Samkeppnisstofnunar í málinu. Stofnunin varð við ósk BHM og fundaði með fulltrúum bandalagsins, þann 22. febrúar 2005, þar sem málið var ítarlega rakið. Niðurstaða fundarins varð sú að stofnunin taldi enn varhugavert að birta umræddan verktakastuðul í óbreyttri mynd, þar sem hann kynni að fara gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í framhaldinu benti stofnunin BHM á það úrræði að sækja um undanþágu á grundvelli 16. gr., sbr. 12. gr. samkeppnislaga. Barst undanþágubeiðni frá BHM, eins og áður greinir, með bréfi þann 16. mars 2005.

Í erindinu fer BHM fram á undanþágu samkeppnisráðs skv. 16. gr., sbr. 12. gr., samkeppnislaga til þess að birta umræddan verktakastuðul á heimasíðu bandalagsins. Er í því sambandi vísað til þeirra sjónarmiða sem fram komu á fundi Samkeppnisstofnunar með fulltrúum BHM, þann 22. febrúar 2005. Jafnframt er vísað til yfirferðar yfir tölvutæk drög að verktakastuðli og þau efnissjónarmið sem rakin eru í greinargerð BHM til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, dags. 26. janúar 2005.

Í erindinu er tekið fram að unnið sé að endurvinnslu verktakastuðulsins í samræmi við þau lagasjónarmið sem rædd voru á áðurnefndum fundi, þann 22. febrúar sl. Þannig sé m.a. verið að auka valfrelsi í stuðlinum þannig að sjálfkrafa samræmingaráhrifa gæti sem minnst en fræðsluhlutverk stuðulsins, svo sem um skaðsemi gerviverktöku

og hættu á sniðgöngu kjarasamningsbundinna og lögvarinna kjara, verði sem mest. Í því sambandi bendir BHM á þann möguleika að félagsmenn aðildarfélaga bandalagsins velji við notkun stuðulsins hvort um sé að ræða viðvarandi aðalstarf eða tímabundin aukaverkefni. Þá er tekið fram að felldur hafi verið út staðlaður liður í verktakastuðlinum sem laut að áhættu af „verkefnaleysi og eyðum í vinnutíma” sem fulltrúar Samkeppnisstofnunar hafi á umræddum fundi gert athugasemdir við.

Í þeim efnissjónarmiðum sem rakin eru í ofangreindri greinargerð til áfrýjunarnefndarinnar er tekið fram að BHM sé heildarsamtök stéttarféлага háskólamanna. Í 25 aðildarfélögum BHM sé fyrst og fremst háskólamenntað launafólk, en engir atvinnurekendur, nema þá með svonefndri fagaðild í einstökum aðildarfélögum. Segir jafnframt að stuðlinum sé fyrst og fremst ætlað að skírskota til þeirra sem hafa verktakastörf sem aukastörf en ekki þeirra sem hafa atvinnurekstur sem sitt aðalstarf, enda sé hagsmunagæsla fyrir slíka háskólamenn ekki í samræmi við markmið BHM, sbr. 1. og 2. gr. laga bandalagsins. Tilgangur stuðulsins sé því einkum að vinna gegn svonefndri gerviverktöku eins og sjá megi af efnispáttum stuðulsins. Tekið er fram að stuðullinn byggi ekki á atvinnurekstrarlegum kostnaði heldur fyrst og fremst kostnaði í formi launatengdra gjalda, oft lögskyldra en annars kjarasamningsbundinna, sem einstaklingar þurfa að muna eftir að reikna sér ef starfssambandið er byggt á verktöku í stað eiginlegs launasambands. Að því leyti sé málið í grundvallaratriðum frábrugðið áður nefndu lögmannamáli. Í erindinu segist BHM geta fallist á það að ekki sé heimilt að birta stuðul er lúti að atvinnurekstri sjálfstætt starfandi háskólamanna er hafi slíkan rekstur sem aðalstarf. Stuðullinn sé hins vegar ætlaður til nota fyrir háskólamenn í aukastörfum. Þannig þurfi þeir sjálfir að finna rétta tekjuviðmiðun og til þess þurfi þeir að leita í löglegar fyrirmyndir úr kjarasamningum og stofnanasamningum aðildarfélaga BHM.

Með útgáfu og birtingu umrædds verktakastuðuls er að mati BHM verið að hagræða í rekstri og gera þjónustu bandalagsins skilvirkari þannig að í stað síendurtekinnna flókinna upplýsinga í síma sé unnt að veita upplýsingarnar á vefnum eins og nútíma þróun í upplýsingatækni og samfélagsgerð býður upp á og krefst.

## **II.**

### **Niðurstaða**

#### **1.**

Á fundi samkeppnisráðs þann 7. júní 2005, var tekin ákvörðun í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kristín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ragnheiður Bragadóttir og Sigurbjörn Þorbergsson.

## 2.

Í máli þessu óskar BHM eftir undanþágu á grundvelli 16. gr., sbr. 12. gr. samkeppnislaga, vegna útgáfu verktakastuðls fyrir félagsmenn sína sem sé ætlað að auðvelda félagsmönnum BHM að reikna út tímakaup í útseldri vinnu á grundvelli kjarasamninga og annarra lögvarinna kjara.

## 3.

Mál þetta snýst um fyrirætlaða útgáfu BHM á verktakastuðli fyrir háskólamenn. Stuðlinum er ætlað það hlutverk að reikna út það tímakaup í útseldri vinnu sem notandi verður að miða við ef hann ætlar að halda viðmiðunarlaunum sínum. Gert er ráð fyrir að notendur stuðulsins finni sjálfir rétta tekjuviðmiðun og lífaldur sinn og velji því næst þau launatengdu gjöld sem þeir ætla að reikna sér. Því næst reiknar stuðullinn út tímagjald útseldrar vinnu miðað við gefnar forsendur. Með útgáfu stuðulsins er þannig einkum verið að veita upplýsingar um skaðsemi samninga sem að forminu til líta út eins og verktakasamningar, en ættu samkvæmt heildarmati á efni sínu og starfssambandi aðila að vera metnir sem hefðbundnir ráðningarsamningar.<sup>1</sup> Stuðullinn er þannig til ráðleggingar eða leiðbeiningar um það hvernig reikna beri út tímakaup í útseldri vinnu þannig að kjarasamningsbundin og lögvarin kjör séu ekki sniðgengin.

Samkeppnisráð getur fallist á það með BHM að með opinberri birtingu verktakastuðulsins á heimasíðu bandalagsins sé með vissum hætti einungis verið að nýta upplýsingatæknina til þess að veita ákveðnar upplýsingar eða ráðgjöf sem bandalagið hefur sinnt um árábil og lýtur m.a. að skaðsemi ofangreinds samningssambands og hættu á sniðgöngu kjarasamningsbundinna og lögvarinna kjara. Engu að síður er með opinberri birtingu verktakastuðulsins verið að samræma ákveðna þætti er lúta að ákvörðun um það hvernig endurgjald fyrir veitta þjónustu eða tímagjald útseldrar vinnu er reiknað. Hin opinbera birting er þar af leiðandi til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

Í 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 segir að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort sem þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað séu bannaðar. Þá segir að bann þetta taki m.a. til samninga, samþykktu og samstilltra aðgerða sem hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti, sbr. a-lið 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga.

Ákvæði 10. gr. laganna er ætlað að tryggja að keppinautar hegði sér að öllu leyti sjálfstætt á markaði á þeim sviðum sem mestu máli skiptir fyrir samkeppnina.

---

<sup>1</sup> Um slík samningssambönd hefur hugtakið gerviverktaka verið notað.

Kjarninn í samkeppni er að fyrirtæki taki sjálfstæðar ákvarðanir um markaðshæðun sína og keppi þannig sín á milli. Þetta stuðlar m.a. að lægra verði til neytenda, auknum gæðum og framförum almennt. Ávinningi samkeppninnar er hins vegar stefnt í hættu ef fyrirtæki hafa samvinnu um framangreind atriði.

Samkvæmt orðskýringum í 4. gr. samkeppnislaga merkir hugtakið fyrirtæki einstakling, félag, opinbera aðila eða aðra sem stunda atvinnurekstur. Atvinnurekstur samkvæmt sama ákvæði er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.

Í 12. gr. samkeppnislaga segir að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum. Samkvæmt EES/EB-samkeppnisrétti tekur hugtakið samtök fyrirtækja til hvers konar skipulagðra samtaka eða samvinnu milli þeirra. Ekki skiptir máli hvort samtökunum er komið á með viljayfirlýsingum eða með lögum. Hugtakið er yfirleitt túlkað rúmt.<sup>2</sup>

Í 53. gr. EES-samningsins kemur m.a. fram að bannaðar séu allar ákvarðanir samtaka fyrirtækja sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að samkeppni sé takmörkuð. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/2004 *Ólögmaett samráð innan Lögmannafélags Íslands* komst ráðið að þeirri niðurstöðu að hugtakið „að ákveða“ í 12. gr. samkeppnislaga feli það sama í sér og hugtakið ákvörðun skv. 53. gr. EES-samningsins. Með ákvörðunum samtaka fyrirtækja í skilningi samkeppnisréttarins er átt við hvers konar bindandi eða leiðbeinandi ákvarðanir eða tilmæli sem samtökin beina til aðildarfyrirtækja þannig að þau geti haft áhrif á viðskiptahætti félagsmanna. Engar formkröfur gilda um þessar ákvarðanir samtaka fyrirtækja.

Af framangreindu leiðir að margvíslegar aðgerðir samtaka fyrirtækja, s.s. tilmæli, ráðleggingar eða upplýsingagjöf, geta fallið undir 12. gr. samkeppnislaga ef þessar aðgerðir hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni eða henni raskað.

Í 1. gr. laga um Bandalag háskólamanna segir að BHM sé samtök stéttarféлага háskólamenntaðra manna og kjarafélaga háskólamenntaðra launamanna sem ekki hafa samningsrétt. Ljóst er að þegar BHM kemur fram fyrir hönd félagsmanna sinna sem launþega í sameiginlegum hagsmunamálum í tengslum við laun og önnur starfskjör þá fellur slíkur rekstur almennt utan gildissviðs samkeppnislaga, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Hins vegar er ljóst að þegar BHM sinnir hagsmunagæslu fyrir sjálfstætt starfandi atvinnurekendur, sem teljast til fyrirtækja í skilningi samkeppnislaga þá telst

---

<sup>2</sup> Stefán Már Stefánsson, Evrópusambandið og evrópska efnahagssvæðið, 2000, bls. 678-679.

BHM að sama skapi vera samtök fyrirtækja í skilningi laganna. Réttarstaða verktaka er hin sama og annarra sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, hvort sem um er að ræða verktakastarf í aukastarfi eða aðalstarfi. Af framansögðu leiðir að ákvæði samkeppnislaga eiga að fullu við þegar BHM kemur fram fyrir hönd sjálfstætt starfandi atvinnurekenda.

Á hinn bóginn er ljóst að ekki er einhlítt að ákvarða hvenær einstaklingur telst launamaður og hvenær verktaki. Slíkt ræðst af heildarmati á efni samnings og raunverulegu starfssambandi aðila.<sup>3</sup> Vaxandi tilhneigingar hefur gætt á undanförunum árum að breyta hefðbundnum launastörfum í verktakastörf. Mörg fyrirtæki hafa séð hag sinn í því að ráða einstaklinga sem verktaka og komast þannig hjá því að standa skil á lögboðnum gjöldum og losna jafnframt undan þeim skyldum sem gildandi kjarasamningar og lög um starfskjör launafólks leggja þeim á herðar.<sup>4</sup>

Frá samkeppnislegu sjónarmiði er samkvæmt ofansögðu nauðsynlegt að gera greinarmun á milli raunverulegrar verktöku og samninga sem meta eigi sem hefðbundna ráðningarsamninga. Sé um að ræða samningssamband þar sem viðkomandi samningur verði samkvæmt heildarmati á efni sínu og starfssambandi aðila metinn sem launasamningur, kemur ákvæði 2. mgr. 2. gr. samkeppnislaga til álita. Í 2. mgr. 2. gr. laganna segir að lögini taki ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum. Í greinargerð með lögnum er orðalag 2. mgr. 2. gr. skýrt þannig að samkeppnislög taki ekki til „starfskjara fyrir vinnu í þágu atvinnurekanda.“ Að mati samkeppnisráðs ber að skilja ákvæði laganna og greinargerðinnar þannig að ekki sé aðeins átt við kjarasamninga í þröngri merkingu heldur einnig einstaklingsbundna ráðningarsamninga.<sup>5</sup> Umræddur verktakastuðull félli því utan gildissviðs samkeppnislaga ef hann tæki eingöngu til slíkra samningssambanda að öðrum skilyrðum uppfylltum. Sé hins vegar um raunverulega verktöku að ræða þá telst viðkomandi verktaki til fyrirtækis í skilningi

<sup>3</sup> Í Hrd. 1994:1743 (Þrotabú Miklagarðs hf.) var deilt um það hvort tiltekinn samningur hafi verið vinnusamningur eða verksamningur. Um þetta atriði segir m.a. í dómi Hæstaréttar: “Fallast má á, að niðurstaða um þetta ágreiningsatriði geti ekki út af fyrir sig ráðist af því, að umræddur samningur sé nefndur verksamningur og aðilar að honum kallist þar verktaki og verkkaupi. Fer það eftir heildarmati á efni samningsins og þeim starfa, sem varnaraðili tók að sér. Varnaraðili þáði föst mánaðarlaun, átti rétt á uppsagnarfresti, og laun hans tóku breytingum eftir almennum kjarasamningum. Samningurinn, sem forráðamenn Miklagarðs hf. gerðu við hann 30. janúar 1992, svo og afstaða hans hjá fyrirtækinu hafði svip venjulegs samnings verkstjóra að flestu leyti. Með honum voru varnaraðila ekki falin ákveðin verk, er greitt væri fyrir miðað við skil á þeim, heldur tók hann að sér að sinna ákveðinni tegund verkefna og leggja til þeirra persónulega vinnu sína, er hann hafði að fullu aðalstarfi. Verður að telja, að til þess að samningurinn verði virtur sem verksamningur, þurfi hann að vera það samkvæmt efni sínu.“ Með þessum athugasemdum komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að varnaraðili hafi verið launþegi en ekki verktaki í þjónustu Miklagarðs hf. Sjá jafnframt Hrd. 1997:2041 og Hrd. 1997:2128.

<sup>4</sup> Gerviverktaka borgar sig ekki, grein úr Vinnunni, 4. tbl. 1997.

<sup>5</sup> Sjá Axel Adlercreutz: „Arbetsretten og konkursretten“. Studier i arbeidsrett tillagneda Tore Sigeman. Iustus Forlag, Uppsölum, 1993, bls. 13, sbr. Magnús M. Norðdahl, Hugleiðingar um íhlutunarrétt dómstóla og samkeppnisyrivalda í málefni verkalyðsfélaga, Tímarit lögfræðinga, 1. hefti, 52. árgangur, 2002, bls. 48.

samkeppnisréttarins og ber því að hlíta ákvæðum samkeppnislaga. Slíkir verktakar njóta ekki verndar kjarasamninga og verða því að öllu leyti að ákvarða það sjálfstætt hvernig þeir verðleggi þjónustu sína.

Það er mat samkeppnisráðs að almenn birting verktakastuðulsins á heimasíðu BHM muni ná til beggja hópanna, þ.e. annars vegar einstaklinga sem samkvæmt heildarmati á efni samnings og starfssambandi aðila ættu að teljast launþegar og hins vegar raunverulegra verktaka. Slíkt hefur í för með sér að raunverulegir verktakar geta sameinast um tiltekin atriði er lúta að verðlagningu á þjónustu, einkum við ákvörðun launatengdra gjalda og ákvörðun þátta sem að öllu jöfnu teljast til hluta af álagningu á útseldri vinnu. Verður því að telja að verktakastuðullinn sé til þess fallinn að stuðla að almennum verðhækkunum og takmarka samkeppni á mörkuðum þar sem raunverulegir verktakar bjóða þjónustu sína. Ráðið getur hins vegar fallist á það að upplýsingagjöf um skaðsemi samninga sem að forminu til líta út eins og verktakasamningar, en ættu samkvæmt heildarmati á efni sínu og starfssambandi aðila að vera metnir sem hefðbundnir ráðningarsamningar, og leiðbeiningar um það hvernig reikna beri kjarasamningsbundin og lögvarin kjör inn í útselda vinnu þegar um slík samningssambönd er að ræða, gangi ekki í berhögg við ákvæði samkeppnislaga sé rétt að málum staðið. Telur ráðið því nauðsynlegt að takmarka aðgang að verktakastuðlinum þannig að ljóst sé samkvæmt efni hans og framsetningu að hann sé sérstaklega ætlaður fyrir slík samningssambönd.

#### 4.

Skilyrði fyrir því að samkeppnisráð geti veitt undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. eru þau „...að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.:

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða eflitæknilegar og efnahagslegar framfarir,
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
- c. leggi ekki höft á hlutadeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og
- d. veiti fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.”

Til þess að samningum, samþykktum o.s.frv. verði veitt undanþága á grundvelli 16. gr. þarf að uppfylla öll skilyrði ákvæðisins.

Sá verktakastuðull sem BHM hefur sótt um undanþágu fyrir hefur nokkra sérstöðu miðað við þær tegundir samninga, samþykktu o.s.frv. sem undanþáguákvæðið vísar almennt til. Um er að ræða upplýsingagjöf um skaðsemi samninga sem að forminu til líta út eins og verktakasamningar, en ættu samkvæmt heildarmati á efni sínu og starfssambandi aðila að vera metnir sem hefðbundnir ráðningarsamningar, og

leiðbeiningar eða ráðleggingar um það hvernig reikna beri kjarasamningsbundin og lögvarin kjör inn í útselda vinna. Eins og að ofan var rakið er það mat samkeppnisráðs að það skipti miklu máli hvernig staðið er að slíkri upplýsingagjöf og ráðleggingum, bæði hvað varðar efni og framsetningu.

Samkeppnisráð telur að aðstæður í þessu máli séu með þeim hætti að forsendur séu fyrir því að veita undanþágu frá bannákvæði 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga, á grundvelli 16. gr. laganna. Skilyrði undanþágunnar eru þau að aðgangur að verktakastuðlinum verði takmarkaður með þeim hætti að raunverulegir verktakar geti ekki nýtt sér hann við verðlagningu á þjónustu sinni. Telur samkeppnisráð að með því sé tryggt að samkeppni á þeim mörkuðum þar sem raunverulegir verktakar bjóði þjónustu sína sé virk. Með því ætti verktakastuðullinn að leiða til efnahagslegra framfara til heilla fyrir neytendur í skilningi a. og b.-liða 16. gr. samkeppnislaga. Það er einnig mat samkeppnisráðs að birting verktakastuðulsins með þeim hætti sem lagt er til hér uppfylli skilyrði c. og d.-liða 16. gr. laganna.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Opinber birting BHM á verktakastuðli fyrir háskólamenn fer gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Með heimild í 16. gr. samkeppnislaga veitir samkeppnisráð verktakastuðlinum undanþágu frá ákvæðum 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:**

- 1. Verktakastuðullinn sé samkvæmt efni sínu og framsetningu sérstaklega ætlaður einstaklingum sem samkvæmt heildarmati á efni samnings og starfssambandi aðila ættu að teljast launþegar.**
- 2. Verktakastuðullinn skal vista á lokuðu svæði á heimasíðu BHM. Skulu félagsmenn óska eftir sérstöku aðgangsorði hjá bandalaginu sem veitir aðgang að stuðlinum.**
- 3. Að ekki sé hægt að vista verktakastuðullinn heldur verði einungis hægt að vinna með hann á skjá á hinu lokaða svæði og prenta út.**
- 4. Að verktakastuðullinn hafi einungis að geyma kjaratengda þætti eins og þeir eru annars vegar samkvæmt lögum sem gilda um starfskjör launþega og hins vegar samkvæmt kjara- og stofnanasamningum aðildarféлага BHM.**
- 5. Verktakastuðullinn má ekki innihalda lágmarkstölur eða lágmarkstekjuviðmið.“**